

Reykjavík 17.01.19

Umsögn Félags leikskólakennara um tillögu mennta- og menningarmálaráðuneytis um eitt leyfisbréf til kennslu.

Félag leikskólakennara hefur fengið til umsagnar tillögu mennta- og menningarmálaráðuneytis um eitt leyfisbréf til kennslu þvert á skólastig eins og hún var kynnt fyrir samráðshóp um leyfisbréf kennara þann 14. desember 2018.

Í þessari tillögu sem nú er til umsagnar er hugmyndin að útfæra sérstakan hæfniramma í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Gert er ráð fyrir að kennarar þurfi uppfylla bæði skilyrði um almenna hæfni sem og sérhæfða hæfni.

Hvað varðar almenna hæfni kveður tillagan á um að miða skal að 60-90 ECTS einingar til að kennari uppfylli ákvæði greinar 3a. Ekki er kveðið nánar um inntak náms þessara 60-90 ECTS eininga. Að mati Félags leikskólakennara er ástæða til að skýra það nánar.

Skilgreint er í tillögunni í fjórum punktum hvaða sérhæfðu hæfni kennari með sérhæfingu á leikskólastigi þarf að búa yfir:

- Getur stuðlað að jafnri og virkri þátttöku ungra barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi.
- Getur lagt mat á færni og skoðanir barna við ákvarðanir um verkefni og vinnubrögð
- Nýtir leik barna til að kveikja áhuga og styðja við nám þeirra.
- Býr yfir hæfni til að gefa börnum endurgjöf og veita þeim leiðsögn í átt að settum markmiðum aðalnámskrár.

Ekki er skilgreint nánar inntak þess náms sem að uppfyllir þessa sértæku hæfni. Mikil ábyrgð er því lögð að háskólana hvað varðar inntak námsins. Félag leikskólakennara hefur áhyggjur af því að leikurinn sem námsleið verði undir í inntaki menntunar kennara með sérhæfingu á leikskólastigi. Telur félagið skynsamlegra að skilgreina lágmark ECTS eininga í leikskólafræði til að koma í veg fyrir það. Að mati félagsins þarf að leggja meiri vinnu og rýna betur hæfniviðmiðin og taka þar tillit til ábendinga sérfræðinga kennaramenntunarstofnana á Íslandi. Ekkert kemur til dæmis fram um frjálsan leik í viðmiðunum sem sýnir að rýna þarf þau miklu betur. Félag leikskólakennara leggur til að leitað verði til þeirra sérfræðinga hjá háskólunum sem mennta leikskólakennara til að útfæra betur hæfniviðmiðin.

Almennt varðandi leyfisbréf þvert á skólastig vill Félag leikskólakennara ítreka að það telur að bæði tækifæri og ógnanir geti fylgt slíkum breytingum. Ávallt þurfi að gæta að kennslufræði leikskóla við breytingarnar. Leikurinn sem námsleið er hornsteinn leikskólastarfs og hann þarf að vera hafður að leiðarljósi í námi kennara. Verði breytingarnar að veruleika er möguleiki á því að nám í leikskólafræðum þar sem nemar útskrifast með leyfisbréf þvert á skólastig laði að fleiri nemendum. Á hinn bóginn er einnig möguleiki á því að leikskólakennarar leiti frekar á önnur skólastig vegna ólíkra starfsaðstæðna og vinnuskipulags. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin bæti til muna starfsaðstæður leikskólakennara og samræmi starfs- og vinnutíma kennara og kjör þvert á skólastig



Fyrir hönd Félags leikskólakennara,

Haraldur F. Gíslason, formaður